



Borgarráð

Gufunesvegur 4 - kaup á fasteign

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning að Gufunesvegi 4.

Greinagerð

Við stofnun Félagsbústaða voru nokkrar skipulagseignir sem voru í eigu Reykjavíkurborgar færðar til þeirra. Reykjavíkurborg var síðan skuldbundin til að kaupa þær aftur þegar notkun Félagsbústaða myndi ljúka.

Félagsbústaðir eignuðust við þetta Gufunesveg 4, fasteignanúmer F2038420, landeignanúmer L108954. Engin mannvirki standa nú á lóðinni sem er eignarlóð í eigu Reykjavíkurborgar. Hús sem áður stóð á lóðinni var rífið árið 2010. Heildarlóðarmat hins selda er 10.400.000 kr.

Kaupverð er krónur 10.400.000.-

Gert verði ráð fyrir kaupum innan gildandi fjárfestingaráætlunar.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Hjálagt:

Drög að kaupsamningi og afsali dagsett 18.10.2022

Kaupsamningur og afsal

Undirritaðir aðilar, Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík (hér eftir nefndur „**seljandi**“) og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík („hér eftir nefndur „**kaupandi**“), gera með sér svofelldan kaupsamning:

1 Hið selda

- 1.1 Seljandi selur kaupanda fasteignina **Gufunesveg 4**, fasteignanúmer F2038420, landeignanúmer L108954.
- 1.2 Engin mannvirki eru á lóðinni sem er eignarlóð í eigu kaupanda. Áður stóð einbýlishús á lóðinni sem var rífið í október 2010. Heildarlóðamat hins selda er samtals 10.400.000 kr.

2 Kaupverð og greiðslufyrirkomulag

- 2.1 Kaupverðið er **10.400.000 kr.** – skrifað tíumilljónirognfjögurhundruðþúsundkrónur.
- 2.2 Greiðsla kaupverðs fer fram að fullu við undirritun kaupsamnings og afsals þessa.

3 Afhending hins selda

- 3.1 Afhending hins selda fer fram við undirritun kaupsamnings og afsals þessa („**afhendingardagur**“). Frá þeim tíma nýtur kaupandi alls arðs af hinu selda og greiðir af því skatta og skyldur. Lögskilauppgjör fer fram við kaupsamning og afsal og miðast það við afhendingardag.
- 3.2 Hið selda er selt án veðbanda og án kvaða. Áhætta af eigninni flyst frá seljanda til kaupanda á afhendingardegi.

4 Annað

- 4.1 Kaupandi skal greiða stimpil- og þinglýsingargjöld af kaupsamningi og afsali þessu.
- 4.2 Samningur þessi er undirritaður í þremur eintökum og skal hvor aðili um sig halda einu eintaki og eitt eintak skal lagt inn til þinglýsingar.
- 4.3 Um kaupsamning og afsal þetta og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2004 um fasteignakaup og skal ágreiningur vegna hans rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nema aðilar verði ásáttir um annað.

Öllu framangreindu til staðfestu rita seljandi og kaupandi undir kaupsamning og afsal þetta í votta viðurvist.

Reykjavík, 18. október 2022

f.h. Félagsbústaða hf.

f.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykkt borgarráðs

Vottar að rétttri dags., undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Upphafsstafir